KPMG

**KPMG ehf.**
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Vefsíða www.kpmg.is

**Umboðsmaður kröfuhafa og**

**Hagar hf.**
**b.t. Finnur Oddsson**
**Hagasmára 1,**
**201 Kópavogur**

Reykjavík, 20. október 2021

**Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir í tengslum við árshlutareikning vegna skuldabréfaflokks HAGA181024**

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 18. október 2021, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 19. október 2021.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2021 voru viðkomandi fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

1. Vaxtaþekja

   EBITDA 12 mánaða tímabils frá 1. september 2020 – 31. ágúst 2021 nam 10.030 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 1.468 m.kr. Vaxtaþekja tímabilsins telst því vera 10.030/1.468 eða 6,8 en kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA181024 eru að vaxtaþekja sé eigi lægri en 2.

2. Eiginfjárhlutfall

   Eigið fé Haga þann 31. ágúst 2021 nam 26.161 m.kr. Samtala efnahagsreiknings sama dag nam 64.350 m.kr. Eiginfjárhlutfall Haga 31. ágúst 2021 er því 26.161/64.350 eða 40,7%. Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA181024 eru að eiginfjárhlutfall sé eigi lægra en sem nemur 25%

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila

**KPMG ehf.**

Helga Harðardóttir